



Fundargerð

11. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudag 6. mars 2023, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Erla Þórdís Traustadóttir, varafulltrúi Ferðamálasamtök Suðurlands
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll:

Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá

- Verkefni síðastliðin mánuð og það sem er framundan
- Önnur mál

[Verkefni síðastliðin mánuð og það sem er framundan](#)

Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)

- Búið er að koma aftur á mánaðarlegum fundum forstöðumanna MAS með Sigríði Dögg, fagstjóra ferðapjónustu hjá Íslandsstofu, um sameiginleg verkefni. Í framhaldi verða haldnir fundir með hverri Markaðsstofu og smærri vinnuhópa MAS um afmörkuð verkefni.
- Unnið var áfram að endurmörkun MAS, tekið var saman við hvaða tilefni þar m.a. annars að nýta merki og verður eins konar vörumerkjahandbók unnin í kjölfarið. *Framundan er að klára þá vinnu.*

- Forstöðumenn ræddu vinnu með Cruise Iceland en þau hafa óskað eftir aðkomu Markaðsstofanna að vinnu inni í landshlutunum. Verkefnið er talsvert umfangsmikið og það þarf að skilgreina betur með tilliti til tíma og fjármagns.

Framundan er m.a. sameiginlegur starfsmannafundur Markaðsstofanna, 18. og 19. apríl nk. í Reykjavík og eru Suðurland og Reykjanes að skipuleggja dagskrá fundarins. M.a. er verið að skoða að hafa sameiginlega fræðslu fyrir hópinn frá einhverjum fræðsluaðila. Í mars verður einnig fundur forstöðumanna MAS.

Samstarf við sveitarfélög

Vegna endurnýjunar samninga við sveitarfélög og ríki í haust er í undirbúningi könnun sem send verður til allra sveitarfélaga á næstunni en niðurstöður hennar verða nýttar til að skerpa á samvinnu sveitarfélaganna og Markaðsstofunnar. Framkvæmdastjóri mun kanna á faghópsfundi hvort faghópsfulltrúar séu tilbúnir að aðstoða við að leggja könnun fyrir innan sinna sveitarfélaga.

Framundan er fundur í faghópnum núna í mars þar sem verður farið verður yfir sameiginleg verkefni.

Samstarf með Íslandsstofu

Fundað var með Íslandsstofu um aðgerðaáætlun ársins fyrir Suðurland. Íslandsstofa búin að setja upp sameiginlegt gagnasvæði þar sem vistað er alls kyns efni sem Markaðsstofur landshlutanna og Íslandsstofa eru að vinna með sameiginlega. Í aðgerðaáætlun eru m.a. helstu áherslur Suðurlands fyrir árið (sem settar voru fram í haust til Íslandsstofu), þátttaka í vinnustofum og sýningum, ásamt fyrirhuguðu samstarfi um blaðamannaferðir og áhrifavaldasamstarfs ársins. Þá voru einnig ræddar pre-ferðir fyrir Vestnorden sem verður haldin 17.-19. október í Reykjavík.

Starfsmenn hafa átt fund um mögulega hópblaðamannaferð í maí við Íslandsstofu. Þá hafa einnig verið í undirbúningi nokkrar heimsóknir áhrifavalda og einnig var stór fjölmiðill frá Bretlandi á ferðinni í febrúar í Ríki Vatnajökuls þar sem jöklaafþreying verður aðaláherslan í umfjölluninni. Nejra átti fund með þeim á meðan á heimsókninni stóð.

Framundan er frekari undirbúningur blaðamannaferðar og pre-ferða vegna Vestnorden. Þá er stefnt á að starfsmannafundur MAS verði nýttur að hluta í vinnu með Íslandsstofu. Einnig eru framundan undirbúningur fyrir ferðir með miðlum og áhrifavöldum.

Vinnustofur og sýningar

Framkvæmdastjóri sótti vinnustofur í Ósló, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn um mánaðarmótin febrúar/mars þar sem fulltrúar Íslands, Grænlands og Færeyja kynntu það helsta sem þessi lönd hafa upp að bjóða. Í fylgd með hópnum var færeyskur kokkur sem matreiddi og bauð upp á ýmsa rétti frá þessum þremur þjóðum. Um 120 aðilar voru skráðir á vinnustofunnar þrjár og átti framkvæmdastjóri góða fundi. Fyrirspurnirnar voru af ýmsum toga, flestir þekktu Ísland frekar vel en vildu fá að heyra af nýjungum á svæðinu. Auk þess var nokkuð um sérhæfðari spurningar sem snertu meðal annars funda/ráðstefnuaðstöðu, hugmyndir fyrir hvata- og fyrirtækjaferðir og einnig var að sögn nokkurra fulltrúa orðið mikið um fyrirspurnir um Ísland frá Asíumarkaði.

Framundan er að senda út upplýsingar í eftirfylgnipósti til kaupenda sem mættu á vinnustofurnar og skráning á næstu vinnustofur. Einnig er framundan að skrá sig á vinnustofur með Íslandsstofu í Bandaríkjunum, framkvæmdastjóra falið að skoða hvaða vinnustofur henta best.

Samstarf við SASS

Framkvæmdastjóri var þátttakandi í viðskiptahraðlinum Sóknarfæri nýsköpunar sem mentor, þar sem áhersla var á verkefni sem tengjast orku, mat og líftækni, ferðaþjónustu og skapandi greinum. Lokadagur hraðalsins verður 16. mars nk. þar sem verkefni verða kynnt.

Umsóknarfrestur var í uppbyggingarsjóð Sóknaráætlunar þann 1. mars og sinntu starfsmenn MSS ráðgjöf vegna umsókna til nokkurra fyrirtækja og einstaklinga.

Auk þess eru starfsmenn ávallt að fylgjast með þróun greinarinnar og sinna ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga varðandi verkefni tengd ferðaþjónustu, menningu og markaðsmálum.

Framundan er fundur með sviðsstjóra þróunarsviðs SASS um samstarfið.

Áfangastaðaáætlun og Eldfjallaleiðin

Unnið hefur verið að uppfærslu áfangastaðaáætlunar en Vala er tekin við því verkefni. Þá hefur verið fundað um framhald vinnunnar við Eldfjallaleiðina með Reykjanesi. Verkefnastjórar áttu fund með ljósmyndara um efnissköpun og einnig við Stefnu um mögulega framsetningu á vef. Einnig var leitað ráða til Markaðsstofu Norðurlands en þau hafa sett upp síður sem tengjast þeirra ferðaleiðum.

Framundan er að halda áfram að vinna úr gögnum vinnustofa um Eldfjallaleiðina og vinna að næsta fasa sem nú hefur fengið styrk úr Sóknaráætlun Suðurlands. Þá heldur vinna við uppfærslu áfangastaðaáætlunar áfram og verður á næstunni send fyrsta útgáfa á stýrihóp til yfirlestrar.

Vefur og samfélagsmiðlar

Vinna við efnissköpun fyrir samfélagsmiðla og vef er alltaf í gangi. Undanfarið hefur verið unnið að nýjum síðum um mismunandi þemu. Það er hluti af forgangsverkefnum áfangastaðaáætlunar að vinna slíkt efni. Alltaf verið að skrifa fréttir, miðla efni og huga að næstu skrefum í framþróun á síðu og miðlum. Í seinasta mánuði svar sent fréttabréf á ensku til erlendra tengiliða (fréttir af Suðurlandi) og til samstarfsaðila á íslensku.

Nokkrir fundir átt sér stað á tímabilinu um samstarf við áhrifavalda og miðla.

Framundan er áframhaldandi vinna við efnissköpun á vef og samfélagsmiðla en sú vinna er sífellt í gangi, allt árið. Miðla þarf fréttum af Mannamótum, Mid-Atlantic auk annars efnis sem kynnir náttúru, mat, menningu og þjónustu svæðisins.

Innra starf

- Framkvæmdastjóri hefur sent Starfsáætlun og forgangsverkefni áfangastaðaáætlunar á Ferðamálastofu. Skjölín voru samþykkt og greiðsla ársins sett í greiðsluferli.
- Unnið hefur verið að könnunum sem verða sendar á samstarfsfyrirtæki og sveitarfélög. Gögn verða nýtt inn í stefnumótun og við eflingu á samstarfi við hagaðila.

- Ávallt eru í gangi samskipti við samstarfsaðila, 3 fyrirtæki hafa bæst í samstarfið frá síðasta fundi og höfum hafið samtál um samstarf við nokkur önnur.

Framundan er að klára markaðsáætlun þessa árs. Vinna við áfangastaðáætlun heldur áfram. Fundir eru framundan með starfsfólki um verkaskiptingu milli verkefnastjóra, mikilvægt að endurskoða eftir breytingar á starfsmannamálum.

Aðrir fundir/erindi

Framkvæmdastjóri sat samráðsfund fyrir stjórnarfund Vatnajökulspjóðgarðs (VJP) með hagsmunaaðilum ferðapjónustunnar (Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrú), en gott fyrir áheyrnarfulltrúa ferðamálasamtaka í stjórn VJP að eiga samtál um málefni þjóðgarðsins.

Starfsfólk MSS reynir að sækja sem flesta fundi og kynningar sem snerta málaflokka starfseminnar og eykur þekkingu starfsfólks. M.a. má nefna að þessir fundi og nokkrir framundan.

- Heimsókn frá DMO High Coast í Svíþjóð – 7 gestir sem fengu að heyra um starfsemi Markaðsstofunnar og ræða m.a. hvernig við erum að vinna með sjálfbærni.
- Settur ferðamálastjóri hafði samband og var að forvitnast um mögulegt húsnæði á Suðurlandi
- Erindi - Feeling the pulse – using events to catalyse regeneration and impact.vegna verkfalla.
- Erindi - How ChatGPT will transform the travel industry

Fundir framundan með Hæfnisetri og SAF (15., 16. og 21. mars) – verkefnastjórar verið að undirbúa fundi á Suðurlandi

Önnur mál

- Aðalfundur og árshátíð – Verður á Landhótel fimmtudaginn 4. maí 2023. Búið að ræða við markaðs og kynningarfulltrúa Rangárþings ytra vegna örferðar. Dagskrá með hefðbundnu sniði; aðalfundur, málþing, kynningaferð og árshátíð. Starfsmönnum falið að skipuleggja daginn.
- Þar sem næsti stjórnarfundur er meðan formaður er erlendis, hefur ákveðið að flýta honum um viku og halda 27. mars.

Fundi slitið kl. 11.00